

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

JARÐHITAKÖNNUN MED RAFAÐFERÐUM

A ÍSLANDI.

Gunnar Böðvarsson

Júní, desember 1967

JARDHITAKÖNNUN MED RAFADFRÐUM Á ÍSLANDI

Gunnar Böðvarsson

Corvallis, í júní 1967

(1) Inngangur

Eftirfarandi greinargerð um notkun rafaðferða við jarðhitaleit og jarðhitakönnun á Íslandi hefur verið takin saman fyrir beiðni jarðhitadeildar raforkumálastkrifstofunnar. Í stuttu og mjög knöppu máli verður reynt að gera grein fyrir hugsanlegum möguleikum til notkunar rafaðferða við svæðis- og djúpkönnun, en þessar aðferðir hafa hingað til verið notaðar svo að segja eingöngu við staðbundnar og grunnar rannsóknir.

(2) Jarðhitaðstæður á Íslandi

Til grundvallar þeim hugleiðingum, sem hér fara á eftir vill undirritatbur minna á eftirfarandi atriði, sem hann hefur og sett fram í öðrum greinargerðum.

(a) Á Íslandi virðist mega greina grunnvatnskerfi í two flokka, þ.e. (1) yfirborðskerfi með köldu vatni og (2) djúpkerfi með heitu vatni. Fyrnefnd kerfi skipta hér svo að segja engu máli. Djúpkerfin virðast vera í neðri lögum blágræytismyndunarinnar, þ.e. á 1.500 til 3.000 m dýpt. Meðaldýpt er væntanlega um 2.000 m. Þar streymir vatn á mörkum blágrýtislaga, um innskotslög og ganga. Hiti er frá 100°C í a.m.k. 250°C allt eftir stað. Það er líklegt, að svokallað D-lag myndi botn djúpkerfanna, enda þótti ekki sé full vissa fyrir þessu.

(b) Jarðhitasvæði á yfirhorði eru uppstreymissvæði frá djúpkerfum. Flatarmál uppstreymissvæðanna er breytilegt frá nokkrum km^2 í tugi km^2 .

(c) Ísótópaathuganir gefa til kynna, að djúpvatn streymir alllangar vegalengdir, og eru merki um 50 til 100 km a.m.k. Á suðvesturlandi eru þessir straumar frá NA til Sv, þ.e. eftir meginbrot- og högglínunum svæðisins.


(d) Hitastigull utan uppstreymissvæða er frá 50 til 100 $^\circ\text{C}/\text{km}$. Í neðri lögum blágrýtismyndunarinnar má því gera ráð fyrir tiltölulega háum hita. Láreftar hitabreytingar eru væntanlega mjög hægarr, og skörp hitamörk ólíkleg.

(e) Við yfirborð er eðlisleiðni tertíers blágrýtis um $5 \times 10^{-3} \text{ mho/m}$. Í 2 km dýpt mun hún á heitari svæðum hugsanlega komin upp í um 0,1 mho/m, og á háhitasvæðum er 0,1 til 1,0 mho/m ekki útilokað. Telið skal fram, að þessi djúpgildi eru hreinar ágizkanir.

Á háhitasvæðum má við yfirborð væntanlega finna sjaði þar sem leiðnin er e.t.v. um 1 mho/m. Hér skipta efnabreytingar miklu máli, einkum þó sýrumyndun. Sömu aðstæður eru vart fyrir hendi í djúpbergi. Þar er umhverfi súrefnissnautt. Því er engan vegin öruggt, að eðlisleiðni á háhitasvæðum vaxi mjög með dýpt. Hún glti e.t.v. lækkað lítið eitt.

Engin gögn liggja fyrir um eðlisleiðni D-lagsins. Það er hugsanlegt, og jafnvel líklegt, að þetta lag sé frekar þurr, og vatnsmánihald þess minnki verulega með dýpt. Því er líklegt, að eðlisleiðnin minnki þegar niður í D-lagið kemur.

Aðstæður á Íslandi gætu því viða verið þannig eins og sýnt er á eftirfarandi uppdrætti.



Við útreikninga er oft hentugt að gera ráð fyrir því, að ~~MAXIM~~ eðlisleiðnin $k(z)$ vaxi með dýpt þannig, að $k(z) = Az^n$, en hér eru A og n fastatölur. Þetta gæti gilt innan blágrýtismyndunarinnar.

Meginatriðið er nú að ráð yfir aðferðum, sem geta með þolanlegri nákvæmni greint dýpt niður á tiltölulega háa leiðni, t.d. 0,1 mho/m. Eftirfarandi hugleiðingar skulu því miðaðar við það verkefni að finna slíka leiðni á 1 til 2 km dýpt.

(3) Hugsanlegar rafabðferðir

Sem kunnugt er, má skipta rafabðferðun þannig,

- (a) Rakstraumsaðferðir (D.C. conduction)
Wenner aðferð eða tvípóli aðferð.
- (b) Riðstraumsaðferðir (A.C. conduction)
Wenner aðferð eða tvípóli aðferð.
- (c) Riðsviðsaðferðir með gervisviði.
- (d) Riðsviðsaðferðir á grunvelli breytinga jarðsviðsins.

Rakstraumsaðferðir með Wenner fyrirkomulagi hafa þegar gefið góða raun við grunnar og staðbundnar kannanir. Við djúpmælingar koma þær vart til greina. Hér verður að nota tvípóli aðferðir.

Bækstraumðaðferðir með Wenner aðferð hafa þegar komið að góðum notum við grunnar og staðbundnar jarðhitaathuganir. En Wenner fyrirkomulagið er óhentugt við djúpathuganir og kemur því vart til greina. Tvípól-aðferðir verða að koma í hennar stað.

(4) Rakstraumsaðferðir

Gerum ráð fyrir hálfþúmi þar sem $k(z) = Az^n$. Ef straumur I er tengdur við punkt Q á yfirborði verður pótentfaljafnan fyrir spennu f punkti P ,

$$\operatorname{div}(k(z)\operatorname{grad} V) = 0, \quad (1)$$

þar sem $V(P)$ er spennan. Lausn þessarar jögnar er mjö einföld,


$$V(P) = I/2\pi AR^{n+1}, \quad (2)$$

þar sem R er fjarlægðin PQ , eða m.ó.o.

$$V(P) = I/2\pi k(R)R \quad (3)$$

en hér er $k(R)$ eðlisleiðni á dýptinni \bullet $z = R$.

Ef notuð er tvípóltihögun eins og sýnt á eftirfarandi mynd,



verður spennumunur á milli mælipóla

$$V_{12} = \frac{I}{2\pi k(L)L} fd^2/L^2, \quad (4)$$

En hér er $f = (n+1)(n+2)$, þ.e. stuðull, sem eingöngu er háður vexti $k(z)$. Gildi hans er væntanlega frá 3 til 6. Hins vegar er d^2/L^2 eingöngu háð legu mælipunkta.

Jafna (4) er mjög einfölf meðferðar og gefur hugmynd um þann spennumun V_{12} , sem gera má ráð fyrir við þær aðstæður, sem reiknaþ er með. Við hverja könnun er L breytistærð, og þar sem gert er ráð fyrir að ná vel niður á 2 km dýpt verða mælingar að geta farið fram með L frá 5 km til 10 km. Að öðrum kosti verður dæyptargreining léleg. Áætlum nú að samkvæm $k(z) = Az^n$ sé $k(10\text{km}) = 0,25 \text{ mho/m}$ og $f = 6$ verður samkvæmt (4) og $L = 10 \text{ km}$ spennumunurinn $V_{12} = 10^{-6} \text{ Volt}$. Þar sem vart er hentugt að gera ráð fyrir meiri straumi en 10 amp verður $V_{12} = 10^{-5} \text{ Volt}$. Með $L = 5 \text{ km}$ verður $V_{12} = h.u.b. 10^{-4} \text{ Volt}$. Þar sem þetta er heildarspennumunur verða tækin að geta greint vel 1/100 af þessum stærðum, þ.e. 10^{-7} Volt . Í raun og veðu er æskilegt, að þau geti greint 10^{-8} Volt , en slíkt mun ver gerlegt tæknilega séð.

Eftir því sem undirritaður fær séð er nákvæmni þeirra tækja, sem Geoscience Inc. og Heinrichs Geoexploration bjóða ekki fullnægjandi ~~XXXXXXXXXXXXXX~~. Hins vegar ræður DECO Electronics f Boulder, Colorado, yfir nægilega nákvæmun áhöldum.

En vandinn við viðnámsmælingar af þessu tagi æiggur í raun og veru ekki í spennumælingunni. Truflanir af völdum jarðstrauma eru ölli meiri vandamál. Orsakir þessara strauma eru tímabreytingar segulsviðsins og efnaskipti í jörðu. Vegna legu landsins í norðurljósbeltinu eru jarðstraumar af völdum breytinga segulsviðsins mjög magnaðir á Íslandi. Einföld áætlun sýnir

að gera megi að jafnaði ráð fyrir truflunarveifum ~~XXX~~ frá 1 til 10 mV/km með tíðni 0,01 til 1 rið. Þessi jarðspenna er 10 til 1.000 sinnum stærri en umrædd mælispenna, og þá ber að hafa í huga, að hér hefur verið reiknað með $I = 10$ amp súammi, en ~~XX~~ vífða er erfitt að tengja slíkan straum við jörðu, og þarf talsverðar aðgerir.

Þessi niðurstaða sýnir, að viðnámsmælingar af því tagi, sem hér hefur verið rætt um, eru hvergi auðveldar, og einkum erfitt að ná æskilegri dýptarverkan. Að vísu eru möguleikar að auka hlutfallið d/L, en ekki er það æskilegt. Segja má, að hætt sé við því, að mælistærðin drukkni í truflunum, og getur þurft meiri háttar aðferðir til þess að greina hana. Þetta er aftur kostnaðarmál.

Að vísu skal tekið fram, að umræddar truflanir eru breytilegar í tíma, en undirritaður er í vafa um að nægilega truflanalítíl tímabil séu fyrir hendi á Íslandi nema þá helzt við lágmark sólblettu. Slíkt tímabil var 1965-66 en er nú liðið hjá. Verður því að hafa þennan vanda fyllilega í huga.


Í bili virðist því rétt að fara varlega, og leggja ekki að óreyndu stórfé til tækja af þessu tagi. En gagnsemi þeirra skal ekki útilokmō, og kemur því helzt til greina að fá að láni hentug tæki, og ákveða ekki kaup fyrr en endanlega hefur verið gengið úr skugga um möguleika á þessu sviði.

(5) Riðstraumsaðferðir

Þessar aðferðir eru aðeins afbrigði rakstraumsaðfera, en hafa þann kost, að notkun riðstraums auðveldar óutilokun truflana af völdum rakstraumsjarðstrauma. Ónnur vandamál eru þau sömu.


(6) Riðsviðsaðferðir með gerfisviði

Þmsir möguleikar eru fyrir hendi til notkunar riðsviðsaðferða. Einna helzt kæmi þó til greina að bota tvo straumhringi, sem lagðir eru á yfirborð jarðar. Annar er sendir, en hinn mælir.



Sendirinn er rekinn með riðstraumi eða straumhöggi, og segulsvið í fjarlægð L er mælt með mælihringnum. Breytt er um L og mælingarnar framkvæmdar á líkan hátt og framangreindar tvíþólaðferðir.

Til glöggvunar á aðstæðum má nota einfalt líkan, þ.e. gera ráð fyrir tveim jardlöögum. Efra lagið hafi þykkt h og tiltölulega lága leiðni, en neðra lagið hafi mikla þykkt og háa leiðni. Við þessar aðstæður gefa mælingar með breytilegu L eftirfarandi mynd, en þar er Z_0 gagnkvæmur impedans hringanna einna, en Z gagnkvæmur impedans þeirra á yfirborði jarðar.



Tíðni verður að velja svo, að skinndýpt í efra lagi sé talsvert stærri en h . Þetta atriði takmarkar tíðnina upp á við. Ef reiknað er með eðlisleiðni $0,01 \text{ mho/m}$ í efra lagi 1 km XXXXX og þykkt þess/kemur fram, að tíðni má ekki vera hærri en 10 rið , og hentugra að nota talsvert lægra gildi.

Nánari athugun, sem ekki skal rakin hér sýnir að við þær aðstæður, að efra lagið sé 1 km þykkt hafi $k = 0,01 \text{ mho/m}$ en neðra lagið $k = 0,1 \text{ mho/m}$, mun hentugt að nota tíðni eitt rið. Hlufallið Z/Z_0 er þá hæst við $L = 4 \text{ km}$, og mælingar þyrftu að ná til $L = 5 \text{ km}$ a.m.k. En f peirri fjarlægð er mælisviðið mjög lítið. Gerum ráð fyrir, að sendirinn sé $500 \times 500 \text{ m}^2$ og notað sé $I = 10 \text{ amp}$ straumur í sendi verður segulsviðið í 5 km fjarlægð aðeins um 2×10^{-3} gamma.

Þar sem segulsviðsbreytingar á Íslandi hafa veif frá 1 til 10 gamma er augljóst, að truflunarvandamálið er hér jafnerfitt og með rakstraumsaðferðum. Einnig ber að hafa í huga, að þessi aðferð er tæknilega séð ekki hentug.

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

(7) Riðsviðsaðferðir með tímabreytingum jarðsviðsins

Framangreindar hugleiðingar bera með sér, að truflanir af völdum jarðsviðsins eru helstu örðugleikar við framkvæmd þeirra rafstraums- og riðsviðsaðferða, sem drepið hefur verið á. En þessu má snúa á annan veg, þ.e. hafa beint gagn af jarðsviðinu. Þetta svið veldur straumum í jörðu, einkum á stöðum með hárrí leiðni, og með því að mæla segulsvið þessara strauma má f grófum dráttum kanna mörk stórra háleiðnisvæða. Þessar aðferðir virðast frekar hentugar við könnun háhitasvæða. Hér skal f stuttu máli greint frá einföldustu atriðum í sambandi við grundvöll slíka mælinga.

Hinar styttu jöfnur Maxwell's eru á venjulegu táknumáli,

$$\text{curl } \mathbf{B} = \mu_0 \mathbf{I},$$

$$I = A/m^2$$

$$\text{curl } \mathbf{E} = - \frac{\partial}{\partial t} \mathbf{B},$$

$$E = V/m \quad (5)$$

$$\text{div } \mathbf{B} = 0,$$

$$I = kE.$$

$$R = mho/m$$

Reiknað er með því, að ~~XXX~~ eðlisleiðnin k sé breytileg, en

$\mu = \mu_0$ allstaðar.

Auvelt er að losna við allar sviðsstærðir nema \mathbf{B} og fæst þá,

$$\text{curl} \left(\frac{1}{k} \text{curl } \mathbf{B} \right) = - \mu_0 \frac{\partial}{\partial t} \mathbf{B}, \quad (6)$$

og má segja, að þetta sé sú jafna, sem leggja beri til grundvallar þeim athugunum, sem hér um ræðaðir. Segulsviðið \mathbf{B} er hin mælda stærð, en k er hin óþekkta stærð. Segja má, að (6) sé afleiðu-jafna fyrir k . Ef hægt væri að mæla ~~k~~ allstaðar væri auðvelt að reikna k á grundvelli (6).

En raunverulega er ekki hægt að mæla B nema við eða fyrir ofan yfirborð. Gögn um B eru því ófullkomín, og almennt er því ekki hægt að finna einhlíta lausm á (6) fyrir k. Þetta er alþekkt vandamál við svo að segja allat jarðeðlisfræðilegar athuganir.



En á stórum háhitasvæðum virðist mega gera tvær nálganir, sem auðvelda mjög meðferð jöfnu (6). Eins og þegar hefur verið tekið fram er flatarmál þessara svæða yfirleitt mjög stórt, eða tugir ferkílómetrar. Eðlisleiðin er væntanlega hæst í efstu 2 til 3 km, og getur verið 0,1 til 1,0 mho/m. Líklegt er, að leiðin lækki fyrir neðan þessa dýpt sökum minnkandi vatnsmagns í bergi. Því er hugsanlegt, að svæðin komi fram sem tiltölulega þunnar plötur. Ein meginþöndi jarðsviðstruflananna er 0,04 rið, og ef eðlisleiðni er áætluð 0,2 mho/m kemur fram, að skinndýpt er um 6 km, þ.e. talsvert meiri en áætluð þykkt plötunnar.

Ef reikna má með plötum af þessu tagi, og að segulsviðið sé sem næst löbrétt, má gera tvær nálganir, þ.e. (1) segulsvið jarðstraumanna XXX í plötunni er sem næst löbrétt, og þar sem hið löbréttu segulsvið tekur ekki stökk við yfirborð hennar hefur það nokkrn veginn sama styrkleika rétt fyrir ofan plötuna eins og inni í henni. Ennfremur (2), þar sem skinndýpt er talsvert meiri en þykkt má sleppa eiginsviði plötunnar í hægri hlið jöfnu (6).

Með þessum tveim nálgunum verður jafna (6) viðráðanleg og gefur a.m.k. fræðilega séð, einhlífa lausn fyrir k. Að svo stöddu er erfitt að dæma um hagnýtt gildi hennar, en sem kunnugt er, eru fræðilegar niðurstöður oft tornýttar, og er það ekki síður í þessu tilfelli. Um þetta mætti rita allmikið, en hér skal ekki

ástæða til slíks. Aðeins skal drepið á tvær mjög einfaldar niðurstöður, sem virðast hafa hagnýtt gildi.

Þau plötufórm, sem mestu máli skipta, eru sívalur diskur og löng ræma,



þykkt þeirra sé h , radius disksins R og breidd ræmunnar b . Leiðni disksins $k(r)$ sé háð fjarlægð frá mæðdepli, og leiðni ræmunnar $k(x)$ sé háð fjarlægð frá miðlinu.

Gerum ráð fyrir, að þessar plötur liggi f eingertugutanaðkomandi lóðréttu riðsviði með veif B_0 og hringtföni w . Ef lóðrétt svíð mælt við yfirborð hefur veif \underline{B} , má sýna fram a, að jafna (6) gefur eftirfarandi gildi á k , $\underline{k} = \frac{k}{h}$

Dimension á $k(x)$?

diskur

$$\underline{k}(r) = \frac{2}{iw\mu_0 rh B_0} \frac{dB}{dr},$$

? h

ræma

$$\underline{k}(x) = \frac{1}{iw\mu_0 xh B_0} \frac{dB}{dx}. \quad (7)$$

$\underline{k} = h \underline{\sigma}$

~~██████████~~

~~██████████~~

$I = kE$

Þessar jöfnur gefa einhlítar lausnir fyrir k . En vert er að benda á þá staðreynd að taka verður afleiðu B til þess að finna k . Hér kemur fram eitt helzta vandamál við allar jarðeðlisfræðilegar athugunarir af þessu tagi, þ.e. finna verður afleiður mældra svíðsstærða. Nákvænni slíkra afleiðumælinga er næsta lítil.

$\underline{\sigma}$ ~~████~~ er ekki edðisleidni í mho/m, heldur mho/m² ~~████~~. ~~(7)~~

$\underline{\sigma} = mho/m = edðisleidni$

Á sama grundvelli má auðveldlega finna sviðið B_m í miðdepli disksins M og á miðlinu ræmunnar, en þar eru áhrif jarðstraumanna mest. Ef gert er ráð fyrir því, að k sé fastatala verður

$B(R) = 0$	diskur	ræma
$\Rightarrow B_m = -\frac{i\mu_0 h \sigma B_0 R^2}{4}$	$s = B_m/B_0 = \sqrt{i\mu_0 v C}/2$	$s = B_m/B_0 = i\mu_0 v C$
$S = -\frac{\pi i \mu_0 v C}{2}, C = h \sigma R^2 = k R^2$	en hér er s endurvarpsstuðull f púnkti M, v tíðni sviðsins og C = hkk fyrir diskinn en C = bhk fyrir ræmuna. Stærðina C má nefna þverskurðarleiðni og er hún mæld í mhom.	

Jöfnur (8) sýna, að B_m er 90° úr fasa við B_0 . Nú er meðaltíðni svokallaðra mikrópulsationsa $v = 0,04$ 1/sek, og ef gert er ráð fyrir $R = 5$ km, $b = 10$ km, $h = 2$ km og eðlisleiðninni $k = 0,2$ mho/m kemur fram, að $s = 0,16$ fyrir diskinn en $s = 0,2$ fyrir ræmuna]. Þessir endurvarpsstuðlar gefa fasafrávik upp á 9° fyrir diskinn en 11° fyrir ræmuna. Þetta er mismunur fasa við miðpunkt, eða miðlinu, og fasa í nokkurri fjarlægð frá plötunum. Slíkt frávik má mæla, ef hægt er að mæla veif með 10^{-2} gamma nákvæmni og tíma með 0,1 sek nákvæmni.

Diskurinn, sem hér hefur verið rætt um gæti samsvarað Hengilssvæðinu, en flatarmál þess er 50 til 100 km^2 . Svo virðist sem mælingar af þessu tagi séu framkvæmanlegar, og standa því vonir til þess að greina megi stórr háhitasvæði með þessum aðferðum. Vandamál er, að mælistærðin er lítil og hér þarf allnákvæm mælitæki. En nú má fá tæki, sem geta mælt betur en 0,01 gamma.

Framangreindar tölur eru miðaðar við $v = 0,04 \text{ l/sek}$ sem er meginföni míkrópúlsationa af svokallaðri Pc 3 gerð, en þær eru einna tíðastar allra púlsationa, og því eðlilegt að byggja á þeim. En vegna þess, hve mælistærðin er lítil væri hentugra að nota öllu ~~XXXX~~ hærri tíðni. Slíkir möguleikar eru fyrir hendi því að segulsvið jarðar hefur mjög breytt tíðnirof. Talsvert er um sveiflur með tíðni 0,2 to 2 rið, þ.e. Pc 1 sveiflur. Þær eru ekki jafntíðar og Pc 3 , en þó koma þær oft fram.

Ef hentugt væri mætti og fara enn hærra í tíðniþrepin og nota svokallað kc-band, sem er óreglulegar ~~XXXXXXXXXX~~ sveiflur er einkum koma fram í norðurljósagbeltinuð. Hér værðast því að lmiklir möguleikar til mælinga með hætri tíðmi.

Þegar notuð er svo miklu hærri tíðni breytist reiknigrundvöllurinn nokkuð, en hér skal ekki á það drepið.

(8) Niðurstöður og tillögur

Undirritaður er þeirrar skoðunar, að framangreindar hugleiðingar gefi til kynna talsverð vandamál vegna truflana við framkvæmd rakstraums- og riðsviðsmælinga með gerfisviði við jarðhitakönnun á Íslandi. Að óreyndu virðist því rangt að leggja mikil fé til ~~XXXXXX~~ tækja til slíkma mælinga.

Riðsviðsaðferð með gerfisviði kemur vart til greina, a.m.k. ekki að svo stöddu. Hins vegar er hugsanlegt, að rakstraumsaðferðir með tvípóltihögun geti komið að nokrru gagni, og vill undirritaður gera það að tillögu sinni, að jarðhitadeildin fái slík tæki að láni, og prófi nytsemi þeirra. Slík tæki þyrftu að geta greint $10^{-8} \text{ Volt spehnufall}$. Vitab er, að DECO Electronics í Boulder, Colorado, ræður yfir slíkum tækjum.

Riðsviðsaðferðir, sem byggja á notkun tímabreytinga jarðsviðsins virðsast gefa nokkra möguleika til grófrar könnunar hágáhitasvæða. Undirriatður er þeirrar skoðunar að leggja beri áherzlu á að ljúka smíðið þeirra tækja, sem nú er unnið að.

Síðan ber að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að gera sömu mælingar með hærri tíðni, en jarðsviðið hefur mjög breitt tíðnirof.

Cervallis í júní 1967

Gunnar Böðvarsson

JARDHITAKÖNNUN MED RAFADFERDUM Á ÍSLANDI

framhald greinargerðar frá júní 1967

Gunnar Böðvarsson

Corvallis í desember 1967

(1) Inngangur

Í júní 1967 gekk undirritaður frá greinargerð um notkun rafaðferða við jarðhitaleit og jarðhitakönnun á Íslandi. Var þar rætt um rak- og riðstraumsaðferðir, og drepið á nokkur vandamál, sem hafa verður í huga þegar gerðar eru áætlanir um slíkar athuganir.

Í grein (5) fyrri greinargerðar var með örfáum orðum drepið á leiðnimælingar með riðstraumi (lágtíðni), og bent á að þar mætti gera ráð fyrir líkum vandamálum og við notkun rakstraums. Var þá gert ráð fyrir því að notuð væri svo lág tíðni, að svíðstruflanir (inductive effects) kæmu ekki fram. Á þessari málsmeðferð var sá galli að ekki var drept að neinar áætlanir um hversu lág tíðnin þyrfti að vera. Undirritaður hefur athugað þetta betur, og kemur fram, að svíðstruflanir eru öllu meira vandamál en svo að afgreiða megi þær á pennan hátt. Hér skal um þetta rætt, og eftirfarandi mál er því næsta nauðsynleg viðbót við fyrri greinargerð.

Að miklu leyti sem undirrituðum er kunnugt sneiða rit um leiðnimælingar yfirleitt hjá A.C. eða "inductive effects" sem hér skal nefnt svíðstenging. Allar venjulegar formúlur eru byggðar á rakstraumsgrundvelli. Segja má, að þetta sé leyfilegt

við venjukegar aðstæður, ef notuð er tíðni um eða fyrir neðan eitt rið/sek. Leiðni í venjulegu bergi yfirleitt frá 10^{-5} til 10^{-2} mho/m, og sviðstenging kemur þá lítt að sök.

En á jarðhitasvæðum er leiðni verulega hærri, eða frá 10^{-1} til 1 mho/m, og jafnvel hærri. Þetta gerbreytir aðstæðum, þar sem skinndýpt er tiltölulega lítil við svo háa leiðni. Sviðstenging er því vandamál, sem sérstaklega varðar jarðhitakönnun með ríðstraumsaðferðum.

(2) Fræðilegur grundvöllur

Eins og þegar drepið á er raunverulega ekkert um þessi mál að finna í ritum um jarðeolisfræðilegar leiðnimælingar. Henn hafa ekki gefið þessu gaum.

En þeir, sem fengizið hafa við rannsókn á útvarpsöldum við yfirborð jarðar hafa unnið mikil starf við könnun á þeim áhrifum, sem leiðni jarðar hefur á ölduútbreiðslu. Fyrstu, og að sumu leyti merkustu athuganir á þessu sviði voru gerðar af Sommerfeld þegar á fyrsta tug þessarar aldar. Þær aðferðir, sem hann tók til notkunar eru enn meginundirstaða allra rannsókna á þessu sviði. Hann reiknaði öldugang frá tvískautum við og fyrir ofan jörðu. Af eðlilegum ástæðum var megináhugamál hans, og einnig þeirra, sem síðar hafa stundað þetta, að kannáfjarsviðin við tiltölulega hætíðni, þ.e. í fjarkægð, sem næmar mörgum öldulengdum.

En við riðstraumskönnun á jarðhitasvæðum skiptir fjarsviðið engu máli. Allar athuganir eru byggðar á mælingum í næsta nágrenni skautanna. Niðurstöður útvarpsmannna eru því

ekki beint nothæfar, og þyrfti að endurreikna sumar af útkomum þeirra. Auk þess vill svo einkennilega til að talsvert hefur verið um skekkjur í þessum athugun. Í fyrstu athugunum Sommerfelds frá 1909 var forteiknskekkja, og fundu menn hana ekki fyrr en 1935. Og undirritaður fær ekki annað séð, en að ýmsar aðrar ~~XXXXX~~ skekkjur hafi slæðzt inn í niðurstöður annarra höfundarvirðist því ekki álitlegt að nota þessar bókmenntir.

Eftir nokkra athugun ákvað undirritaður því að fara lítið eitt aðrar leðdir, sem betur virðast henta í því skyni, sem hér um ræðir. Niðurstöður fara hér á eftir, og er þar aðeins drepið á meginatriði. Ekki var talin ástæða til þess að rita niður millireikninga.

Þar sem tíoni er mjög lág verður byggt á hinum stytta jöfnum Maxwell's, en þær eru á venjulegu táknumáli,

$$\begin{aligned} \text{curl } \mathbf{B} &= \mu_0 \mathbf{I}, \\ \text{curl } \mathbf{E} &= -\dot{\mathbf{B}}, \\ \text{div } \mathbf{B} &= 0, \quad \mathbf{I} = k\mathbf{E}, \end{aligned} \tag{1}$$

en hér er gengið út frá því, að $\mu = \mu_0$ allstaðar. Af fyrstu jöfnu leiðir sem kunnugt er

$$\text{div } \mathbf{I} = 0, \tag{2}$$

en þetta er einkenni hinna stytta jafna, þ.e. allar straumrásir eru lokaðar. Stærðin k er leiðni efnisins, og getur hún verið brextileg.

Þessum jöfnum má nú hagræða, og losna við E og I, og kemur þá ein vektor-jafna fyrir B,


$$\text{curl} \left(\frac{1}{k} \text{curl } B \right) = -\mu_0^{\circ} B, \quad (3)$$

og er hún grundvallarjafna þeirra athugana, sem hér fara á eftir.

(3) Grundvallarlíkan

Við djúpathuganir er yfirleitt hentugt að nota tvískautstengingar eins og sýnt er á mynd á bls. 4 í fyrri greinargerð. Kafsvið umhverfis slík margskaut má auðveldlega reikna ef einskautssvið er pekkt. Þetta gildir jafnt um raks- sem riostíau. Hér skiptir því málí að reikna svið einskauts.

Þar sem hér er aðeins leitast við að áætla sviðstengingu er óþarfi að gera mjög nákvæma útreikninga. Því ber að leita að hentugu líkani, sem uppfyllir næg skilyrði, og hefur mestu "symmetriú" til þess að gera reikninga einfalda. Kemur fram, að einfaluast líkan er sem hér fer á eftir, og er sýnt að eftirfarandi mynd,



Gert er ráð fyrir hálfuruími, sem hefur eðlisleiðni k, og er hún fastatala. Aðstrengur kemur löðrétt úr mikilli hæð, en hann flytur straum I, og er tengdur jörðu f punkti Q. Notaðir eru pólkóordinatar (r, φ, z), en vegna sýmmetríu eru allar stærðir óháðar hringhorninu.

Þetta líkan er frábrugðið raunverulegum aðstæðum að því leyti, að aðstrengurinn er löðréttur, en ekki láréttur eins og venjulega. Sýnamá fram á það, að þetta skiptir ekki verulegu málí við þær aðstæður, sem hér um ræðir. Framangreint líkan sýnir meginatriði.

Vegna sýmmetríu hefur B-sviðið aðeins einn hluta, þ.e. hringhlutann B_φ og skal hann einfaldlega nefndur B. Það skal reiknað með harmónískum sveiflum með hringtföni w, en $\exp(iwt)$ sleppt úr jöfnum eins og venjulega. Með þessu verður jafna (3)

$$\frac{\partial^2 B}{\partial r^2} + \frac{1}{r} \frac{\partial B}{\partial r} + \frac{\partial^2 B}{\partial z^2} - \frac{1}{r^2} B - \alpha^2 B = 0, \quad (4)$$
$$\alpha^2 = i\omega \mu_0 k$$

og ber að leysa hana með randskilyrðinu

$$z = 0, \quad B = \mu_0 I / 2\pi r.$$

Lausnina má finna með venjulegum aðferðum og er hún

Kæri Guðmundur,

Ég þakka þér brér pitt frá 23.2. s.l. Mér þykir vænt um að fréttu, að greinargerðin hefur komið að haldi. Ég var einmitt að taka saman bréf til þín út af greinargerðinni vegna leiöréttингar, sem ég þarf að koma við.

Bannig er, að ég kom auga á, að nálgunin í jöfnu (7) er ekki alveg eins og hún á að vera. Þar sem hér MAX er um að ræða komplexar stærðir má ekki sleppa næsta lið. Sá liður hefur "realen" part, sem ekki má falla nidur. Þetta er atríðk, sem stundum fer fram hjá mönnum, og ég gleymdi þessu nú. Jafna (7) á að vera

$$E_r = \frac{I}{2\pi kr^2} \left(1 + i \frac{r^2}{d^2} + \frac{r^3}{3d^3} \right)$$

en þar er "imaginera" partinum ar síðasta liðnum sleppt. Þetta hefur þau áhrif, að í fyrstu nálgun eykur svíðtengingin veifina um faktorinn

$$1 + r^3/3d^3$$

og þessi stærð á því að koma í stað kvaðratrótarnar í jöfnu (8) neðst á bls. 6. Viltu vera svo vænn að leiðréta þetta.

$$B = \frac{\mu_0 I}{2\pi r} (\exp(-az) - \frac{z}{R} \exp(-aR)), \quad (5)$$

sem gildir fyrir $z \geq 0$.

Með fyrstu jöfnu í (1) má síðan finna rafsviðið E_r . Hér skiptir einkum málí E_r við yfirborð, þ.e. E_r fyrir $z = 0$, og er útkoman þar

$$z=0, \quad E_r = \frac{I}{2\pi kr} (a + \frac{1}{r} \exp(-ar)), \quad (6)$$

Finna má góða nálgun fyrir sviðið nálægt ~~MAXIMUM MAXIMA~~
Q, þ.e. fyrir nærsviðið, sem hér skiptir mestu málí, með því
að gera ráð fyrir því, að $ar < 1$, og rekja $\exp()$ í röð með
aðeins þrem liðum. Kemur þá út nálgun fyrir E_r ,

$$E_r = \frac{I}{2\pi kr^2} (1 + i \frac{r^2}{d^2}), \quad (7)$$

en hér er d skinndýptin, þ.e.

$$d^2 = 2/\mu_0 k$$

Jafna (7) er meginniðurstöðan. Fyrsti liðurinn er hreinlega E_r -svið við rakstraum, og seinni liðurinn er því sá hluti E_r -sviðsins, sem kemur fram vegna sviðtengingar, þ.e. vegna "induction effects". Eins og búast mátti við er það hlutfallið r/d , sem ræður.

Sviðtengingin eykur veif E_r -sviðsins um faktorinn

$$\sqrt{1 + \frac{r^4}{d^4}},$$

og veldur fasamun, sem er

$$\arctg(r^2/d^2).$$

þar sem rafsvið við margskautatilhugun er einföld summa einskautasviða gilda þessar niðurstöður almennt um margskautasvið, og þá sérstaklega fyrir þá tilhögum, rætt var um fyrri greinargerð.

Til þess að fá hugmynd um sviðið þegar \mathbf{d}/\mathbf{d} er stærra en einn má rita jöfnu (6)

$$E_r = \frac{I}{2\pi k_r^2} (ar + \exp(-ar)), \quad (9)$$

og þegar tekið er tillit til þess, að ~~XXXIXXXXXX~~ a = $(1+i)\sqrt{d}$ verður augljost, að áhrif seinni liðsins f (9) verða hverfandi þegar ar er verulega stærra en einn. Turflunar-faktorinn er þá ~~XXXIX~~ $r\sqrt{2}/d$, þ.e. hið mælda svið er margfeldi af rakstraumssviði, og þá algerlega rangt að vinna úr mældum gögnum með formúlum, sem byggðar eru á rakstraumstilhögum.

Ef f er tíðni sviðsins er hentugt að rita skinndýptina þannig

$$d = \frac{1}{2\sqrt{fk}} \quad \text{km}$$

og til sýnis má færa fram eftirfarandi gildi

f = 0,1	0,02	1/sek
k = 0,1 mho/m	d = 5 km	11 km
1,0 "	1,6	3,5

Petta eru þær aðstæður, sem til atþugunar koma á háhitasvæðum. Til þess að ná rakstraumsaðstæðum niður á 2 til 3 km verður að hafa tíðni, sem er aðeins 0,02 1/sek. Petta er að sjálfsögðu tæknilega framkvæmanlegt, en hér verður að hafa í huga, að truflanir af völdum jarðstrauma geta valdið vanda eins og þegar hefur verið tekið fram.

* hér er átt við fyrstu nálgun sviðtengingar

(4) Leiðni breytileg með dýpt

Hér hefur aðeins verið rætt um þær aðstæður, sem fram koma er leiðni er óháð dýpt f jöröu. Þegar leiðni er breytileg verða allar jöfnar mun flóknari og erfibari viðfangs. Hentugt virðist að kanna aðstæður þegar $k(z) = Az^n$ þar sem A og n eru fastatölur. Undirritaður hefur gert nokkrar athuganir á þessu svíði, en að svo stöddu verður að segja að ekki hafi tekizt að leysa verkefnið á viðunandi hátt, enda er það allmikil verk. Þetta skal því ekki rætt frekar.

Hins vegar skal tekið fram að beita má öðrum nálgunum en hér hefur verið rætt um. Nota má integralform Maxwell-jafna til þess að gera grópar fætlunarir. Á pennan hátt má færa rök fyrir því, að þegar n = 1, þ.e. $k(z) = Az$, muni jafna (7) nokkurn veginn halda gildi sínu, ef r/d er minna en einn, ~~x~~ ^{en leiðnin k og} skinndýptin d miðböl við leiðni á dýpt z = r. Með þessu er átt við það, að truflunarliðurinn f (7) haldi gildi sínu fyrir tilfellið n = 1, ef d er túnkað á réttan hátt. Og ekki er grunlaust um, að þessi regla sé einnig nothæf fyrir önnur gildi á n, ef n er pósítíff stærð. Gróflega séð virðist jafna (7) því gilda við nokkuð almennar aðstæður ef k og d eru túnkað á réttan hátt.

(5) Meginniðurstöður

Framangreinadr hugleiðingar bera með sér að sviðtenging muni ekki valda verulegum truflunum, ef öllum skautfjarlægðum er haldið innan við skinndýpt, og við tvískautatilhögun ber þá, til þess að forðazt sviðstengingu, að hafa fjarlægð milli yztu skauta minni en skinndýpt á þeirri dýpt, sem er jöfn

fjarlægðinni.

Að sjálfssögðu er á þessari góðu reglu sá stórgalli, að hún er ekki nothæf nema menn hafi hugmynd um þá stærð, sem mæla skal, þ.e. leiðmin sé að nokkru leyti kunn.

En hér skal tekið fram, að svíðtengingu má greina með því að nota breytilega tíðni, eða taka upp mælingar á fasamun milli straum- og mælitvískauta. Þetta er ekki erfitt og gæti komið að mjög góðu haldi.

Corvallis í desember 1967

Gunnar Böðvarsson